



Tilmæli 23/2015

Fyrri númer:
A 1636/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00285-18

Mat á starfsemi Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC)

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu menningar- og menntamálanefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC) njóti sambærilegs forgangs í fjárhagsáætlun ársins 2016 og árið 2015;

að aðalnámskeið Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar eigi að veita þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum góða innsýn í starf Norðurlandaráðs og eigi að hafa formennskuáætlun Norðurlandaráðs ár hvert sem þema og þátttakendurnir eigi að fylgjast með þingumræðum á aðalþinginu;

að fram fari mat á starfsemi Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar árið 2016 með það í huga að varpa ljósi á starfsemi miðstöðvarinnar og styrki.

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Þingmannatillaga

um öfluga og frjálsa fjölmiðla á Norðurlöndum

Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC) njóti sambærilegs forgangs í fjárhagsáætlun ársins 2016 og árið 2015;

að aðalnámskeið Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar eigi að veita þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum góða innsýn í starf Norðurlandaráðs og eigi að hafa formennskuáætlun Norðurlandaráðs ár hvert sem þema og þátttakendurnir eigi að fylgjast með þingumræðum á aðalþinginu;

að fram fari mat á starfsemi Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar árið 2016 með það í huga að varpa ljósi á starfsemi miðstöðvarinnar og styrki.

Sjónarmið nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefndinni hefur borist þingmannatillaga um öfluga og frjálsa fjölmiðla á Norðurlöndum. Á fundinum í mars 2015 var skrifstofunni falið að semja drög að málsskjölum fyrir sumarfundinn í Nuuk á Grænlandi.

Menningar- og menntamálanefnd lét í ljósi að hún gæti ekki stutt þingmannatillöguna eins og hún lægi fyrir. Nefndin taldi ekki að það væri á valdsviði Norðurlandaráðs að ákveða hvernig „Öflugir og frjálsir fjölmiðlar“ á Norðurlöndum ættu að þróast með tilliti til vandaðrar blaðamennsku, frjálsra og óháðra fjölmiðla og tjáningarfrelsis.

Menningar- og menntamálanefnd vill viðhalda góðu faglegu starfi með aðalnámskeiðinu þannig að norrænir blaðamenn hafi tök á að setja sig vel inn í starf Norðurlandaráðs og formennskuáætlanir. Þetta er best gert með því að sameina aðalnámskeiðið aðalþingi Norðurlandaráðs. Þar geta blaðamenn hitt þingmenn og ráðherra um leið og þeir geta fylgst með helstu þingumræðum og verðlaunahátíð Norðurlandaráðs.

Menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs deilir þeim áhyggjum sem flutningsmenn tillögunnar nefna í þingmannatillögu sinni. Nefndin vill vinna að því að Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC), sem sett var á stofn 1957, muni áfram eiga rætur sínar í norrænu samstarfi.

Nuuk, 23. júní 2015

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Iddimanngiuu Bianco (IA)

Ingebjørg Amanda Godskesen (FrP)

Jorodd Asphjell (A), formaður

Peter Johnsson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Tilmæli 23/2015

Fyrri númer:

A 1636/kultur

Fjallað um í:

Menningar- og

menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um

þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00285-18

Fyrirvari A1636/kultur

Við andmælum og leggjum til að málsliður 2 verði felldur níður.

Við fögnum úttekt á NJC en teljum ekki að það sé heppilegt að Norðurlandaráð stjórnri þemum menntunarinnar í smáatriðum eða því hvernig þátttakendur í námskeiðum skuli fylgjast með fréttum. Að pólitísk samtök eigi að stjórna starfi fréttamanna er andstætt hugmyndinni um öfluga og frjálsa fjölmiðla.

Reykjavík 27. október 2015

Lars-Arne Staxäng (M)
Sylvi Graham (H)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

Tilmæli 23/2015

Fyrri númer:
A 1636/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 14-00285-18